

GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 1.400
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	kr. 1.850
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr. 4.200
- gjald fyrir sæði úr holdanautum	kr. 1.200
- heimsóknargjald vegna sæðinga	kr. 800

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á

starfssvæði B.V. kr. 2.800 pr.klst.

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur

á starfssvæði B.V. kr. 6.000 pr.klst.

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði B.V. kr. 0

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxa sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.